

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 305/2014, fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða, að hluta eða öllu leyti, kostnað vegna þeirra tannréttinga sem falla undir V. kafla reglugerðar nr. 451/2013, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar. Meðferðin skal veitt af sérfræðingi í tannréttingum. Endurgreiðslan skal vera í formi styrks og skal greiðsla hans hefjast að lokinni ísetningu fastra tækja.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað skv. reikningi tannlæknis, allt að 100.000 kr. vegna tannréttinga sem krefjast meðferðar með föstum tækjum í annan góminn en allt að 150.000 kr. vegna tannréttinga sem krefjast meðferðar með föstum tækjum í báða góma. Skilyrði er að tannlæknirinn hafi sent SÍ gjaldskrá sína áður en verk er unnið.

Skilyrði fyrir greiðslu Sjúkratrygginga Íslands er að tannlæknirinn hafi sent stofnuninni staðfestingu á því að meðferð með föstum tækjum sé hafin. Jafnframt er það skilyrði að hann sendi Sjúkratryggingum Íslands reikninga vegna viðkomandi meðferðar með rafrænum hætti.

2. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskránni, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, sbr. síðari breytingar, öðlast gildi 15. júlí 2014.

Sjúkratryggingum Íslands, 24. júní 2014.

Steingrímur Ari Arason.

Katrín E. Hjörleifsdóttir.